

Til nefndarsviðs Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Athugasemdir við frumvarp til laga um áhafnir skipa

Ég undirritaður, Hilmar Snorrason, vil gera athugasemdir við þrjár greinar í frumvarpi til laga um áhafnir skipa sem mér barst nýlega. Þær eru eftirfarandi:

2. gr.

Orðskýringar.

Varðandi að nota orðið fiskari yfir fiskimenn þá vil ég benda á að í forsetakosningunum 1980 lét frú Vigdís Finnbogadóttir þau fleygu orð falla „Það á að kjósa mig af því að **ég er maður**“ Í okkar máli er talað um kvennmenn og karlmenn auk þess sem fjallað er um farmenn í þessu frumvarpi (1, 25, 38 og 39 gr.). Ég tel að orðið fiskimaður nái jafnt yfir kvennmenn sem karlmenn líkt og er um farmenn.

Er það því tillaga mín að notast verði við fiskimaður í stað fiskara.

3. gr.

Menntun og þjálfun áhafna.

Í annarri málsgrein þar sem fjallað er um kröfu til viðurkenndra gæðastjórnunarkerfa þá eins og greinin er orðuð nær sú krafa ekki til öryggisfræðslu líkt og Regla 1/8 í STCW samþykktinni kveður á um. Slysavarnaskóli sjómanna, sem annast alla öryggisfræðslu sjómanna hér á landi, telst ekki til framhaldsskóla til atvinnuréttinda samanber upptalningu í greinargerð með frumvarpinu.

Tillaga mín er að breyta fyrstu setningunni eftirfarandi: „Nám og kennsla í framhaldsskólum til atvinnuréttinda samkvæmt lögum þessum, **auk öryggisfræðslu**, skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.“

16. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Á hverju fiskiskipi og öðru skipi skal vera skipstjóri.

Um fjölda stýrimanna á fiskiskipum og öðrum skipum fer sem hér segir:

a. Á skipi sem er 15 metrar að skráningarlengd og styttra má skipstjóri vera hinn sami og smáskipavélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn enda sé útivist þess styttri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Fari útivist skipsins yfir 14 klst. skal auk þess vera stýrimaður sem má jafnframt gegna störfum smáskipavélavaraðar. Skulu skipstjóri og stýrimaður þá hafa tilskilin réttindi til að gegna stöðu smáskipavélavaraðar. **Þegar eigandi skips samkvæmt skipaskrá er lögskráður sem skipstjóri og er einn um borð þarf ekki stýrimann þótt útivist fari yfir 14 klst.**

Það er mikilvægt við samingu laga sem þessa að horft sé til öryggis í hvívetna. Lög og reglugerðir um vinnu- og hvíldaríma er ætlað að tryggja að ávallt séu um borð í hverju skipi sjómenn sem ekki eru þjakaðir af þreytu. Í skýrslu Rannsóknarnefnd sjóslysa um hvíld og


Öryggi sjómanna frá árinu 2012 var vakin athygli á fjölda þeirra smáskipa þar sem stjórnendur sofnuðu við stjórn skipa sinna. Í henni var vakin athygi á að 25 bátar höfðu strandað á tímabilinu 2000-2011 þar sem stjórnendur höfðu sofnað. Af þeim voru 36% minni bátar og var meðalvaka stjórnenda í þeim tilfellum 22 klst. en sá er lengst hafði vakað hafði ekki hvílst í 29 klst. Nefndin skilaði fimm tillögum um aðgerðir:

- Að Innanríkisráðuneytið leggi fram tillögur um það hvernig hægt sé að koma á virku eftirliti með að hvíldarákvæði séu virt.
- Að Innanríkisráðuneytið hefji þegar endurskoðun laga og reglna um vinnu- og hvíldartíma sjómanna meðal annars með verulega hertum sektarákvæðum séu reglur um vinnu- og hvíldartíma brotnar. Sektarákvæðin taki bæði til útgerðar og skipstjórnenda.
- Að viðmiðunartímabil á fiskiskipum verði endurskoðað í ljósi ástandsins.
- Að stjórnvöld gæti ávallt í hvívetna öryggisþátta sjómanna við gerð frumvarpa sem snúast um störf þeirra s.s. um fiskveiðistjórnun.
- Að Innanríkisráðuneytið setji reglur um að skyldaður verði um borð í skip svokallaðir vökustaurar þar sem fámennisáhafnir eru.

Frá árinu 2012 til 2019 strönduðu 16 skip þar sem stjórnendur sofnuðu og var helmingur þeirra atvika þar sem stjórnandinn var einn um borð.

Því má segja að heimila mönum að vera einir á sjó umfram 14 klst. sé sýst til þess fallið að auka öryggi á sjó. Því legg ég til að heimild eiganda að víkja frá 14 tíma reglunni verði felld út.

Virðingarfyllst,



Hilmar Snorrason
Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna
Nefndarmaður í Rannsóknarnefnd samgönguslysa